

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR REGINS HF. 2019

Aðalfundur Regins hf. var haldinn fimmtudaginn 14. mars 2019 í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Rímu fundarsal, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, fundurinn hófst klukkan 17:00.

Fundarstörf:

1. Fundasetning og skipun fundarstjóra:

Fundurinn hófst með að formaður stjórnar Tómas Kristjánsson setti fundinn. Stungið var upp á Helga Jóhannessyni, lögm. sem fundarstjóra og var tillagan samþykkt.

2. Boðun fundarins:

Helgi Jóhannesson tók við stjórn fundarins.

Fundarstjóri lagði til að Dagbjört Erla Einarsdóttir hdl. yrði kjörin fundaritari. Tillagan var samþykkt. Fundarstjóri greindi frá því að til fundarins hefði verið boðað skv. 16. gr. samþykktu félagsins með birtingu auglýsinga í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 21. febrúar 2019, heimasíðu Kauphallar og félagsins þann 20. febrúar 2019 og væri fundurinn því lögmætur aðalfundur félagsins. Fundarstjóri upplýsti um að mætt væri á aðalfundinn fyrir 57,96% hlutafjár.

3. Dagskrá:

Stjórnarformaður, Tómas Kristjánsson, flutti skýrslu stjórnar og kynnti áherslur í stefnumótun félagsins. Að því búnu fór forstjóri félagsins, Helgi S. Gunnarsson, yfir reikninga félagsins vegna ársins 2018 og helstu verkefni sem ráðist var í á árinu í kynningu.

Allar tillögur sem lágu fyrir fundinn voru samþykktar með meirihluta atkvæða en þær voru eftirfarandi:

1. Ársreikningur:

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2018.

2. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2018:

Aðalfundur samþykkti að ekki yrði greiddur arður á árinu 2019 en að öðru leyti vísast til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu. Hagnaður verður fluttur til næsta árs.

3. Starfskjarastefna:

Stjórnarformaður gerði grein fyrir framlagðri starfskjarastefnu sem er óbreytt frá fyrra ári. Aðalfundurinn samþykkti framlagða starfskjarastefnu.

4. Heimild til kaupa á eigin hlutum:

Samþykkt var tillaga stjórnar um að veita heimild til að kaupa hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun samkvæmt heimild í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og reglugerð nr. 630/2005 (viðauki).

5. Breyting á samþykktum félagsins.

Samþykktur var viðauki við samþykktir félagsins í kjölfar samþykktar 4. dagskrárliðs.

6. Kosning stjórnar félagsins:

Eftirfarandi aðilar voru sjálfkjörnir í stjórn félagsins:

Albert Þór Jónsson, kt. 180562-3119

Bryndís Hrafnkelsdóttir, kt. 070867-7899

Guðrún Tinna Ólafsdóttir, kt. 300875-4409

Heiðrún Emilía Jónsdóttir, kt. 090769-4969

Tómas Kristjánsson, kt. 151165-3389

Varastjórn:

Finnur Reyf Stefánsson, kt. 141069-3659

Hjördís D. Vilhjálmsdóttir, kt. 100369-5839

7. Kosning endurskoðanda:

Aðalfundur samþykkti að KPMG ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, yrði endurkjörið endurskoðunarfyrirtæki félagsins.

8. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sé skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum.

Nefndarmenn í tilnefningarnefnd voru kjörnir til aðalfundar 2020 og því fer ekkert slíkt kjör fram nú.

9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil:

Aðalfundur félagsins samþykkti eftirfarandi þóknun til stjórnarmanna, varastjórnar og undirnefnda stjórnar:

Stjórnarformaður: 680.000 kr. á mánuði.

Meðstjórnendur: 340.000 kr. á mánuði.

Varamenn: 170.000 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund, þó ekki hærra en 340.000 kr. fyrir hvern mánuð.

Seta í undirnefndum stjórnar:

Nefndarmaður í starfskjararnefnd: 30.000 kr. á mánuði.


Nefndarmaður í endurskoðunarnefnd: 60.000 kr. á mánuði.

Formaður endurskoðunarnefndar: 100.000 kr. á mánuði.


10. Önnur mál:

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum.

Fundi slitið kl. 17:45


Helgi Johannesson, lögm.

Dagbjört Erla Einarsdóttir, lögm.




Helgi S. G. Jónsson
Kt. 070867-7899